

Emil Thoroddsen

Bjarki Sveinbjörnsson – Upphaflega skrifað sem handrit að útvarpsþætti.

Emil Þórður Þórðarson Thoroddsen fæddist í Keflavík 16. Júní árið 1898. Hann var sonur hjónanna Þórðar Thoroddsen, sem þá var héraðslæknir í Keflavík, og Önnu Pétursdóttur konu hans. Fjölskyldan bjó nokkur ár í Keflavík, en fluttist síðar til Reykjavíkur þegar Emil var 6 ára og bjó hann þar að mestu leyti síðan, en faðir hans hafði þá fengið starf við hinn nýstofnaða Íslandsbanka. Strax 10 ára gamall var Emil orðinn nokkuð seigur að leika á píanóið.

Hann lauk stúdentsprófi árið 1917 frá Menntaskólanum í Reykjavík. Í framhaldi af því sigldi hann til Kaupmannahafnar og nam þar listasögu. Brátt tók þó tónlistargyðjan yfirhöndina. Han fór til Þýskalands árið 1920 og lærði tónlist, bæði í Leipzig og Dresden til ársins 1924. Þá kom hann heim til Íslands og varð hljómsveitarstjóri Leikfélags Reykjavíkur árin 1925 - 1930 en þá fékk hann starf við hið nýstofnaða Ríkisútvarp. Hann var auk þess ritstjóri vikublaðsins Freyja á árunum 1927 - 1928 og myndlistargagnrýnandi Morgunblaðsins á árunum 1926 - 1933 og síðar gagnrýnandi um tónlist í sama blaði. Jafnhliða því starfi stundaði hann tósmíðar, útsetningar, og einnig skrifaði hann gamanleiki og listdóma. Þar að auki var hann aldeilis góður píanóleikari og lék undir hjá ýmsum listamönnum til fjölda ára.

Listhneigð Emils er engin tilviljun því hana sækir hann í ættir beggja foreldra sinna. Skáldskapargáfan er sótti í föðurættina, en Jón skáld Thoroddsen var afi hans, og tónlistargáfuna sótti hann í móðurættina en móðir hans var dóttir Pétur Guðjohnsen organista.

Hann varð snemma fær píanóleikari, en kennari hans var frú Krístrún Benediktsson sem var einn af helstu píanókennurum í Reykjavík á fyrstu árum aldarinnar. Krístrún þessi var dóttir Tómasar læknis Hallgrímssonar og Ástu Júlíu Thorgrímssen, verslunarstjóra á Eyrarbakka. Krístrún giftist síðar Árna Benediktssyni kaupmanni og tók þá upp ættarnafnið Benediktsson, en hafði áður kallað sig Hallgrímsson. Krístrún lék oft opinberlega, bæði sem undirleikari og einleikari á fyrsta áratug þessarar aldar.

Sem dæmi um píanóleik Emils má nefna að á fyrstu árum hans í menntaskóla lék hann Pathétique sönötuna eftir Beethoven og í lok Menntaskólanámsins lék hann Ungverska rapsódíu nr. 2 eftir list á skólaskemmtun. Vakti leikur Emils mikla aðdáun manna er til heyrðu. Til annarra afreka hans á menntaskólaárunum má nefna að hann stofnaði karlakór meðal samnemenda sinna í skólanum og stjórnaði honum sjálfur. Fyrir kom að hann semdi lög og raddsetti fyrir þennan kór. Skemmtileg saga er til frá skólaárum Emils í menntaskóla. Hún er eitthvað á þá leið að nemandi einn hafði fengið rektorsáminningu. Þótti nemanum þessi áminning óréttmæt og sagði sig úr skóla. Heilmikið uppistand varð í skólanum í framhaldi af þessu og ritaði m.a. einn nemandi rektor bréf þar sem hann sagði sig úr skóla í mótmælaskyni. Gekk þessi nemandi undir heitinu Sigurður svarti. Utanáskrift bréfsins var einkar sérstök en hún var: Til hins almenna menntaskóla, ef skóla skyldi kalla. Varð þessi utanáskrift Sigurði Grímssyni tilefni til yrkinga og varð þessi vísa til:

Sigurður svartí
sá er nú á parti!
Skálmar skólann allan
ef skóla skyldi kalla'anna.

Emil Thoroddsen samdi lag við þessa vísu í næsta sögutíma, en hann var þá í 5. Bekk og söng kórinn lagið á næstu skólaskemmtun. Var tiltekið hve auðvelt Emil átti með að semja lög, ekki síst þegar mikið lá við.

Eitt af því sem samnemendur Emils dáði hann fyrir var að sú fyrirhöfn og sá tími sem fór hjá þeim að tileinka sér námsefnið lá fyrir Emil sem opin bók. Einnig var haft eftir íslenskukennara Emils, Sigurði Guðmundssyni skólameistara að hann hefði aldrei fyrirhitt læisvein með ríkari stílgáfu sem Emil Thoroddsen.

Að loknu stúdentsprófi árið 1917 fór Emil til Kaupmannahafnar og lærði listasögu við háskólann þar á árunum 1917 - 1920. Samtímis sótti hann tíma í málalag og tónlist. Myndlistarhæfileikinn hafði fylgt honum alla tíð og hafði hann lært sem ungur maður hjá Ásgrím Jónssyni. Sem dæmi um frama hans í myndlistinni, þá voru verk eftir hans tekin á sýningu í Charlottenborg.

Í bókinni Íslensk myndlist á 19. og 20. Öld segir Björn Th. Björnsson um Emil Thoroddsen sem myndlistarmann:

Ekki væru svo nefndir þeir Íslendingar sem fengust við myndlist í hjástundum sínum á öndverðri þessari öld, að gleymt væri nafni Emils Thoroddsens tónskálds. Það var um Emil, sem um Jón Trausta, að hann fylgdi annarri og sterkari listköllun. Þó má með miklum líkum segja, að varla hefði hallazt á, hvora leiðina sem hann hefði valið, tónlistina eða myndlistina; svo auðsénir eru hæfileikar hans í þá átt.

Ennfremur segir:

Þegar á unglingsárum fór hann að teikna og mála - nokkrar snoturlegar smámyndir eru til eftir hann frá 13 ára aldri - og hélt hann því fram öll menntaskólaár sín, en stúdentsprófi lauk hann 1917 og 18 ára að aldri. Að því búnu sigldi hann til Kaupmannahafnar þar sem hann las um hríð listasögu við háskólann, en hvarf síðan að tónlistarnámi í Þýzkalandi, og eftir heimkomuna helgaði hann sig tónlistinni nær einvörðungu.

Þótt Emil legði þannig að mestu niður myndlistariðju sína um líkt leyti og hann hóf tónlistarnámið, ritaði hann þó alla jafnan mikið um myndlist og var á tímabili, frá 1926 til 1933, aðalgagnrýnandi Morgunblaðsins um þau efni. Myndir Emils, jafnt þjóðsagnateikningar, vatnslitamyndir og olíumálverk, voru nokkrum sinnum á opinberum sýningum, m.a. þeim sem Listvinafélagið hélt um og eftir 1920. Það var þó ekki fyrr en í ársbyrjun 1953 sem yfirlitssýning á verkum hans var haldin (í Listvinasalnum í Reykjavík) og veitti hún glögga hugmynd um þennan þátt í listhæfni Emils. Blærinn yfir myndum hans er léttur og ljóðrænn, oft kryddaður græskulausri kýmni, og minnir mjög á frænda hans, Guðmund Thorsteinsson,

hvort heldur er um að ræða bein áhrif eða náskylda skapgerð. Þótt þroskaferill Emils á myndlistabrautinni væri of skammur - eða of stefnulaus - til þess að móta fastan, persónulegan stíl, leynist ljúft og bjart viðmót höfundarins þar hvergi. Og sem slíkar eru myndir hans ávallt til skapmyndis, hvar sem þær ber fyrir augu.

Að framansögðu er ljóst að brugðið hefði getað til beggja átta hvor listgyðjan hefði getað tekið yfirhöndina - myndlistar- eða tónlistargyðjan

Í tilvitnuninni hér að framan er bent á að blærinn í myndum Emils sé oft kryddaður græskulausri kýmni. Grunnt var á henni alla tíð og sagt hefur verið að hann hafi stundum teiknað skopmyndir af kennurum menntaskólans á töfluna og einnig gert önnur strákapör er vöktu kátínu fólks. En tónlistin tók yfirhöndina og varð hún hans aðalstarf eftir að hann kom til Íslands að loknu námi erlendis.

Strax eftir heimkomuna, eða í byrjun janúar 1925 ritaði Emil heilmikla grein í Vörð sem ber yfirskriftina Framtíð íslenskrar tónlistar. Hann sér þá fyrir sér starfsmöguleika sína, sem virtust fáir. Á þeim tíma styrkti Alþingi efnilega menn til náms erlendis. En eins og Emil bendir á í grein sinni þá sé það eitt ekki nóg ef listamaðurinn verði síðan að flýja land að loknu námi. Hann skrifar:

Það verður að skapa skilyrði til þess, að hanni hafi ekki einungis, ofan í sig og á, heldur fyrst og fremst að hann geti beitt kröftum sínum á hlutverk, sem eru þess verð.

Hann sá fyrir sér tvennt sem gæti orðið tónlistarlífinu til framdráttar. Það fyrra var að stofna mótettukór við dómkirkjuna í Reykjavík. Hann sá fyrir sér að sópran og altraddirnar yrðu drengir sem teknir yrðu í barnaskólunum og tenórar og bassar yrðu fengnir úr menntaskólanum. Á þennan hátt sá hann fyrir sér að hægt yrði á tiltölulega skömmum tíma að flytja mótettur Bachs og messu Palestrina.

Hið síðara sem hann taldi að yrði tónlistarlífinu til framdráttar var hljómsveit - en benti á að það væri erfitt viðfangs. Píanó og harmóníum voru aðal heimilshljóðfærin á þessum tíma og sárafaír lærðu á fiðlu eða önnur hljómsveitarhljóðfæri. Hann segir það leitt hve stroklist sé lítt stunduð hér og bendir á að fiðla, víola og selló hafi margt umfram píanó og harmóníum. Á þessu má sjá að umhverfið hefur ekki verið sem best á kostið fyrir mann sem kom heim að loknu nokkurra ára framhaldsnámi erlendis.

Þó liðu ekki mörg ár þar til Emil fékk fast starf og þá við útvarpið árið 1930. Sem útvarpsmaður vann Emil Thoroddsen ómetanlegt starf. Strax í byrjun gerðu útvarpsmenn sér ljóst að hafa þyrfti tónlistarmenn starfandi við útvarpið. Á 12 fundi útvarpsráðs, 10. Júlí árið 1930 stendur að Páll Ísólfsen taki að sér að gera tillögur um hljómlist og að hverju leyti væri unnt að nota starfskrafta Emils Thoroddsen og Þórarins Guðmundssonar og fleiri íslenskra listamanna. Um haustið, eða á 37. fundi útvarpsráðs sem haldinn var 16. nóvember kemur fram að ráðherra hafi ákveðið að ráða Emil Thoroddsen og Þórarinn Guðmundsson frá 15. Nóvember 1930 fyrir 600 króna þóknun á mánuði til hvors. Þar með hófst farsælt starf þeirra félaga við ríkisútvarpið.

Auk þess að vera aldeilis ágætur píanóleikari þá var hann einnig mjög góður útsetjari. Hann var afkastamikill í þeim efnum, var fljótur að vinna og gerði vel, einkum þó ef verkefni voru honum hugleikin. Emil náði að útsetja einar 80 syrpur af þjóðlögum og lögum íslenskra tónskálda fyrir m.a. útvarpshljómsveitina og voru þær fluttar í dagskránni í mörg ár. Það er engin tilviljun að Emil valdi einmitt þá tónlist sem sungin var af þjóðinni á þeim tíma. Emil var afskaplega alþýðlega sinnaður og var það meðal annars það sem jók á vinsældir hans meðal alemnninga. Hann hitti beint í mark með þessum syrpum sínum. Í þessu sambandi má benda á að í rauninni var notað orðið „potpurri“ um slíkar syrpur en Emil tókst af sinni alkunni stílsnilld að finna þetta ágæta orð um fyrirbrigðið.

Samkvæmt annálum útvarpshljómsveitarinnar sem birtust í útvarpstíðindum árið 1939 léku í hljómsveitinni á þessum tíma eftirtalið fólk: Þórarinn Guðmundsson á fiðlu, Emil Thoroddsen á píanó Katrín Dalhoff á 2. Fiðlu, en hún var þá nýtekin við stöðu Karls Matthíassonar sem látið hafði af störfum árið áður sökum veikinda, Þórhallur Árnason, selló, Bjarni Böðvarsson á kontrabassa og Eggert Gilfer sem lék á harmóníum.

Emil flutti einnig mörg útvarpserindi, um tónlist, ýmis fræðsluerindi og þvífkt. Þótti mikill bragur á þessum erindum enda vil ég vitna í því sambandi til orða Sigurðar Guðmundssonar skólameistara hér að framan að hann hefði aldrei fyrirhitt lærisvein með ríkari stílgáfu en Emil Thoroddsen. Þessi stílgáfa skilaði sér ekki síst í útvarpserindum Emils. Því miður hafa engin þeirra varðveist í hljóðritunum í safni útvarpsins, þar sem þau voru öll flutt fyrir þann tíma sem hljóðritanir á plötur hófust hjá Ríkisútvarpinu, enda voru slík erindi sem og ýmis tónlistarflutningur alltaf fluttur í beinni útsendingu á þeim árum.

Í bókinni „Strokið um strengi“ - endurminningar Þórarins Guðmundssonar segir Þórarinn frá kynnum sínum af Emil. Hann rifjar upp að við Emil hafi hann haft lengsta og mesta samvinnu hjá útvarpinu, og að hann hafi verið einn fjölhæfasti listamaður sem hann hafi kynnst. Ennfremur segir Þórarinn:

Emil Thoroddsen hafði líka snjallan penna og skrifaði töluvert. Meðal annars skrifaði hann um skeið tónlistargagnrýni, þá samdi hann revýur í félagi við aðra, bæði texta og lög, ýmist samdi hann lögin sjálfur eða útsetti erlend lög, og loks bjó hann skáldsögu afa síns, Jóns Thoroddsen í leikritsbúning. Þá var Emil einn allra flinkasti píanisti, sem ég hef unnið með. Hann var í mörg ár helzti undirleikarinn hér, ekki aðeins við útvarpið, heldur á ýmsum konsertum sem einstakir söngvarar héldu. Það var sérstaklega eitt athyglisvert, sem hann gerði og fáir léku eftir: Hann gat spilað svo að segja hvaða lag sem var í þeirri tónhæð, sem óskað var, gat hækkað eða lækkað um tón frá því sem lagið var skrifað. Eins og kunnugt er samdi Emil Thoroddsen töluvert af lögum, sem orðið hafa vinsæl, bæði sönglögum og öðrum tónverkum.

Það verður vart ofsagt að lögin við leikritið Pilt og Stúlku hafi orðið til þess að tendra vinsældarbál Emil Thoroddsens sem tónskálds. Ég vil leyfa mér að vitna hér í bókina Karlar eins og ég - æviminningar Brynjólfs Jóhannessonar leikara, en þar segir m.a. í kaflanum um Grímu Sigvalda:

Í ungdæmi mínu í Suðurgötunni komum við krakkar stundum í leikhús. Ekki var það lönnó. Það var í kjallaranum í húsi Þórðar læknis Thoroddsens við Túngötu þar sem mikið var leikið og leikirnir oftast samdir jafnharðan. Afgamalt jólatré stóð á sviðinu og var skógur, leikendurnir brugðu yfir sig laki og gengu aftur, og fór þá sundum kurr um krakkahópinn. Aðgangur kostaði 5 aura, en Emil Thoroddsen mun hafa staðið fyrir þessu leikhúsi ásamt fleiri drengjum. Ég kom þar aldrei nema sem áhorfandi. En löngu síðar átti fyrir mér að liggja að starfa allmikið með Emil Thoroddsen sem gerðist athafnasamur leikhúsmaður í samvinnu við Indriða Waaga. Markverðasta verk þeirra saman var án efa leikgeriðin af skáldsögum Jón Thoroddsens, Manni og konu og Pilti og stúlku.

Í framhaldi af þessari tilvitnun fjallar Brynjólfur um Mann og konu og hlutverk sitt í þeim sjónleik, en hann var settur á svið haustið 1933. En svo fjallar hann lítilsháttar um Pilt og stúlku. Hann segir m.a.:

Árið eftir - þ.e. 1934 - samdi Emil Thoroddsen sjónleik upp úr Pilti og stúlku sem Indriði setti á svið. Það varð einnig mjög vinsæl sýning þó ekki jafnaðist hún á við Mann og konu. Emil var ótrúlega fjölhæfur maður. Hann var náttúrlega fyrst og fremst tónskáld og tónlistarmaður, en hann var líka málari og lipur rithöfundur og mjög smekkvís maður á skáldskap, leiklist og myndlist. En það sem lengst mun varðveitast af verkum hans fyrir leikhúsið er vafalaust sönglögin úr Pilti og stúlku. Þau flugu brátt um landið þvert og endilangt og hafa síðan verið á hvers manns vörum. Ég get raunar talið mér til tekna ofurlitla hlutdeild í þessum sigurferli. Um þessar mundir söng ég sem sé í karlakórnum Fóstbræðrum sem hafði vandaða en óþarflega þunga söngskrá undir stjórn Jóns Halldórssonar. Mér kom strax til hugar að sum lög Emils mundu henta okkur mætavel og orðaði við hann að útsetja Búðar-í-loftið fyrir karlakór með píanóundirleik. Hann tók þessu vel og bað mig að senda sér nótnapappír strax upp að Vífilstöðum þar sem hann dvaldist þá. Eftir viku var lagið tilbúið. Fóstbræður tóku það upp og lagið gerði stormandi lukku; síðan hafa lög Emils úr Pilti og stúlku verið fastur þáttur í söngskrá kóra og einsöngvara um allt land.

Emil ferðaðist sem píanóleikar með Karlakór Reykjavíkur til norðurlanda árið 1935. Hélt hann þá m.a. sjálfstæða píanótónleika í Kaupmannahöfn og lék í danska útvarpið.

Um svipað leyti veiktist Emil af berklum. Dvaldi hann um tíma á sjúkrastofnun í Danmörku en kom þaðan með annað lungað óstarfhæft og hitt mikið skemmt. Hann dvaldi lengi á Vífilstöðum. Þrátt fyrir þennan sjúkdóm sinn var starfsþrek hans ótrúlega mikið. Hann hafði unnið við að staðfæra leikrit fyrir leiksýningar hér á landi og skopleiki samdi hann marga. Þeir voru með öðru yfirbragði en menn áttu að venjast þar sem í þeim var nokkur ádeila á manngerðir. Honum líkað ekki þeir sem þóttust meiri menn en þeir í rauninni voru og reyndu að troða sér fram á þeim forsendum - hann þoldi ekki slíkar manngerðir. En einlægni í viðmóti og starfi var hans dyggð.

Emil hafði löngum samið lög til ýmiss brúks á sínum yngri árum, en þó ræddu menn alltaf um hann sem píanóleikarann Emil Thoroddsen. En þegar hann svo vann önnur verðlaun fyrir kantötu sína á alþingishátíðinni 1930, fóru menn að tala um hann sem

tónskáldið Emil Thoroddsen, enda vakti hann fyrst á sér athygli sem tónskáld fyrir það verk.

Í dag er vart hægt að hugsa sér hljóðritaðar útgáfur á íslenskum sönglögum en þar sé ekki að finna lag eftir Emil Thoroddsen eða útsett af honum. Þrátt fyrir að hann hafi fengið önnur verðlaun fyrir Alþingishátíðarkantötu sína, vann hann fyrstu verðlaun fyrir tvö sönglög sinna. Þau eru orðinn fastur liður fyrir löngu í dagskrá útvarpsins á ákveðnum dögum. Annað þessara laga er Íslands Hrafnistu menn en hann fékk fyrstu verðlaun sjómannasönginn árið 1939. Það var öðru sinni sem hann vakti athygli á sér sem tónskáld eftir Alþingishátíðarkantötuna. Lag þetta er mjög oft leikið, einkum þó í kringum sjómannadaginn.

Í grein um Emil Thoroddsen eftir Baldur Andrússon er birtist í Helgafelli árið 1944 segir höfundur m.a.:

Það er margt í íslenskri sönglagaerð með viðvaningbrag, einkum hvað frágang snertir. Því hefur bæði valdið kunnáttuskortur og smekkleysa. Öðru máli gegnir um lögin hans Emils. Þar er kunnáttan og smekkvísinn óbrigðul. Á mörum þeirra er snilldarbragur heimsborgarans, og á öllum þeirra er óvenjulega mikill menningarbragur. Þau þola að vera metin og vegin á heimsmælikvarða. Í skóla sagði hann mér, að sér þætti vænt um Schumann af öllum tónskáldum. Hann er minn maður sagði hann.

Ég læt aðra um að meta þessi orð Baldurs Andrússonar um lögin hans Emils, en þó er sú staðreynd deginum ljósari og sönglögin hans hafa lifað með þjóðinni í yfir 50 ár og eru á stalli með mörgu af því besta sem þar hefur litið dagsins ljós.

Til að nefna nokkur helstu verka Emils Thoroddsens má minnast á Alþingishátíðarkantötuna sem hann samdi árið 1930. Einnig mun vera, eða hafa verið til strengjakvartett eftir hann sem hann samdi í Þýskalandi árið 1924. Kafli úr honum mun hafa verið fluttur á Listamannaþingi fyrr á öldinni, en hann er þó ekki að finna í skrá Tónverkamiðstöðvar yfir verk hans. Þennan kvartett er heldur ekki að finna í þeim handritum Emils sem varðveitt eru í Handritadeild í Þjóðarbókhöfðu. Þá skal til nefndur sjómannasöngurinn - Íslands Hrafnistumenn, lögin úr Pilti og stúlku, Hver á sér fegra föðurland, sem fékk fyrstu verðlaun á lýðveldishátíðinni 1944, Háskólakantata sem hann var beðinn að semja fyrir vígslu nýbyggingar háskólans 17. Júní árið 1940, Andante in memoriam fyrir strengi sem hann samdi við fráfall móður sinnar árið 1939. Frá árinu 1925 eru forleikir að sjónleiknum Dansinum í Hruna og Munkarnir á Möðruvöllum. Hér að auki eru fjöldi sönglaga og útsetninga eftir Emil sem löngu eru þekkt með þjóðinni, og nokkur sem enn eru óþekkt eða eru gleymd.

Emil Thoroddsen er enginn modernisti í sínum verkum né tróð hann neinar nýjar brautir í tónsmíðum sínum. En það sem segja má um tónlist Emils Thoroddsens er hve fersk hún er. Hún er samin af hugkvæmni, kunnáttu og smekkvísi og má þar einkum benda á hugkvæmni í hljómasamböndum og framvindu tónmálsins. Einsöngslögin er með sérlega haglega gerðum undirleik og oft á tíðum með sérlega fallegum millispilum. Það besta af tónlist hans á eflaust eftir að lifa með þjóðinni um ókomna tíð.

Emil Thoroddsen var þríkvæntur. Fyrsta kona hans var Elisabeth Bruhl sen var þýsk. Þau giftust árið 1925 en skildu síðar. Hann kvæntist Guðrúnu Bryndísi Skúladóttur 20. apríl árið 1932, en hún andaðist aðeins 37 ára gömul 10. júní 1938. Þriðju konu sinni kynntist hann á Vífilsstöðum, Áslaugu Bjarnadóttur en þau giftu sig 22. Febrúar árið 1941 og lifði hún mann sinn.

Það er oft með sanna listamenn að erfitt er að ná höndum um orð sem lýst gætu þeim best. Bestu lýsinguna að mínu mati á persónunni Emil Thoroddsen hef ég fundi í bókinni Hundapúfan og hafið - samtalsbók Mattíasar Johannessen við Pál Ísólffsson, en þar segir Páll m.a.:

...hann er fjölgáfaðasti Íslendingur sem ég hef kynnt. Allt lék í höndunum á honum, músík, málalag, skáldskapur, prakkaraskapur, góðmennska, dugnaður, slark. Færeyingar segja um okkur Íslendinga: Íslendingurinn getur allt! Þannig var það með Emil Thoroddsen, hann gat allt. Sumir sögðu að hann skorti dýpt, en það var aðeins vörn þeirra, sem fleyttu sér á yfirborðinu. Þegar fólk talar um að einhvern skorti dýpt er það oft sjálfsvörn. Hitt er sanni nær, að fjöllyndi í listinni hafi orðið Emil Thoroddsen að fótakefli. Hann málaði á píanóið, og spilaði á léreftið, eða með öðrum orðum: hann stökk úr einu í annað og var oft kærulaus um það sem hann var að vinna, því hann gat ekki lokið við verk sín fyrir áhuga á nýjum viðfangsefnum. Ég held hann hafi eytt hæfileikum sínum í að taka fram hjá lífinu. En hann gerði það líka af list. Hann samdi mörg ágæt verk, eins og Alþingishátíðarkantötuna, og ýmis góð sönglög sem oft eru sungin, ekki síst síðasta lagið sem hann samdi og hlaut fyrstu verðlaun í samkeppninni á lýðveldishátíðinni 1944 - Hver á sér fegra föðurland. Ég sá Emil síðast á ferli í hráslaganum á Þingvöllum það sumar. Þá sagðist hann ekki ver heill heilsu. “Ég verð að koma hér heim”, sagði hann. Upp úr því lagðist hann í Landspítalann. Ég heimsótti hann þangað nokkrum sinnum og þegar ég kvaddi hann síðast, spurði hann: Hvað er að fréttu úr lífinu? Daginn eftir lést hann.

Mér fannst oft sem þessi vöndur fyrirliði veraldarvafstrið og kysi heldur að syngja tvísöng með gamla Salomon: allt er hégómi og eftirsókn eftir vindi! Hann hafði engan metnað eða ambisjónir, eins og nú er sagt með þingmannslegri virðingu, hafði engan áhuga á sjálfum sér, kannski ekki heldur á öðrum. Han var bara séné og gat ekki að því gert, það er allt og sumt. Hann sóaði gáfum sínum, ef hann nennti, í það sem honum datt í hug hverju. Ef ég ætti að lýsa Emil Thoroddsen með tveimur orðum mundi ég segja, að hann hafi í senn verði háðskur og hjartalýr. Hann var einstakt góðmenni.

Móðir Emils, frú Anna Thoroddsen sagði eitt sinni frá er Emil var orðinn fullorðinn, að hún hefði frá því Emil var barn, borið í brjósti sér kvíða fyrir því að á þessum syni sínum sannaðist hið fornkveðna, að þeir, sem guðirnir elska deyja ungir.

Emil Thoroddsen tók þátt í samkeppni um sönglag á lýðveldishátíðinni 1944. Þetta sönglag var svanasöngur Emils. Hann lést þremur vikum síðar.

Bjarki Sveinbjörnsson